

## Háskólaráð Háskóla Íslands

**Efni:** Tillaga að stofnun sjóðs til að styrkja fræðilega útgáfu höfunda úr hópi starfsmanna Háskóla Íslands

Á fundi sínum þann 10. apríl sl. samþykkti háskólaráð að fela undirrituðum að undirbúa afgreiðslu erindis frá Háskólaútgáfunni um að ráðinn verði ritstjóri til útgáfunnar.

Í greinargerð stjórnarformanns Háskólaútgáfunnar frá 22.11.07 er óskað eftir því að fræðileg útgáfustarfsemi á vegum útgáfunnar verði styrkt með ráðningu ritstjóra er annist ritstjórn fræðibóka. Að auki verði fagritstjórar ráðnir vegna yfirlestrar bóka.

Í umsögnum frá vísindanefnd frá 6.2.2008, fjármálanefnd frá 4.3.08 og gæðanefnd frá 18.2.08 koma fram athugasemdir og skilyrði fyrir stuðningi við fræðibókaútgáfu Háskólaútgáfunnar. Vísindanefnd styður eflingu fræðilegrar útgáfu á vegum Háskólaútgáfunnar, en leggur áherslu á stranga ritrýni í samræmi við alþjóðlegar kröfur sem m.a. felur í sér fræðilegt mat tveggja óháðra sérfróðra aðila. Fjármálanefnd mælir gegn erindinu eins og það er fram sett, vegna kostnaðar (sem er lauslega áætlaður 7 milljónir króna) og þess að ekki sé um eiginlega ritrýni að ræða, en styður þó að veitt sé fé til að efla fræðilega útgáfustarfsemi Háskólaútgáfunnar. Gæðanefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti en telur mikilvægt að Háskólaútgáfan skilgreini skýr gæðamarkmið og að verkefnið verði til þriggja ára fyrst í stað.

Undirritaðir hafa haldið fundi um málið með formanni fjármálanefndar og sviðsstjóra vísindasviðs HÍ annars vegar, og stjórnarformanni og forstöðumanni Háskólaútgáfunnar hins vegar. Á fundunum kom m.a. fram að rík ástæða er til að styðja við fræðilega útgáfustarfsemi kennara og sérfræðinga Háskóla Íslands, enda í samræmi við stefnu Háskóla Íslands um að styrkja forystuhlutverk skólans í rannsóknum á íslenskri menningu og þjóðfélagi með birtingum í virtum ritrýndum íslenskum tímaritum og bókum. Jafnframt kom fram að Háskólaútgáfan væri eðlilegur farvegur slíkrar útgáfustarfsemi. Þá kom einnig fram sú skoðun að ósveigjanlegt gæti verið, og álitamál útfrá rekstrarsjónarmiðum, að stofna til nýrrar stöðu ritstjóra í þessu sambandi, a.m.k. eins og sakir standa.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggja undirritaðir fram eftirfarandi tillögur til Háskólaráðs um eflingu fræðibókaútgáfu á vegum Háskólaútgáfunnar:

- 1) Stofnaður verði *Fræðiritasjóður*, með árlegu heildarframlagi að upphæð 6 milljónir kr., til þriggja ára, er veiti umsækjendum úr hópi starfsmanna Háskóla Íslands styrk til fræðiritautgáfu á vegum Háskólaútgáfunnar.
- 2) Styrk til handa hverju fræðihandriti er ætlað að mæta kostnaði við ritstjórn, fagritstjórn og ritrýni handritsins samkvæmt reglum um kostnaðarskiptingu sem Háskólaútgáfan setur.
- 3) Skilyrði til styrkja verði að Háskólaútgáfan byggji ritrýniferli á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðunum. Vísindasvið Háskóla Íslands geri nánari tillögur til háskólaráðs um fyrirkomulag styrkveitinga úr Fræðiritasjóði.
- 4) Fyrirkomulag framangreinds fjárstuðnings vegna fræðibókaútgáfu starfsmanna Háskóla Íslands verði endurskoðað að þremur árum liðnum og frekari skref ákveðin í framhaldi að því.

Virðingarfyllst,

Rúnar Vilhjálmsson

Ólafur Þ. Harðarson